

Nd. **209. Breytingartillögur** [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Við 1. gr. 1. málslíður 2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Nú vinna hjón, sem samvistum eru, bæði fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá tekjum þess, sem lægri hefur tekjurnar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki eða félagi, sem hjónin annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, sbr. 3. mgr.

2. Við 3. gr. 2. tölulíð. Síðari málslíður 1. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánnum samkvæmt 21. gr., vextir af stofnsjóðsinnstæðum í samvinnufélögum svo og vextir og vísitöluálag opinberra vísitölutryggðra spariskírteina.

3. Við 14. gr. Við 5. mgr. bætist nýir málslíðir, er orðist svo:

Ríkisskattanevnd skal fela ríkisskattstjóra að annast útgáfu úrskurða nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal, að úrskurðir, sem gildi hafa, komi fyrir almenningssjónir.